

September 2019

## FÉLAK

Fréttabréf fyrir miðstigi

### Félagsmiðstöðvastarf á miðstigi

Skólaárið 2019-2020 verður félagsmiðstöðvastarf á miðstigi starfrækt með svipuðum hætti og undanfarin ár. Starfið skiptist í klúbbastarf, opið starf auk stærri viðburða.

Í klúbbastarfinu þurfa krakkarnir að skrá sig sjálf en í opna starfið er öllum velkomið að mæta þegar þeim hentar.

### Klúbbastarf

**M65** - M65 er klúbbur fyrir krakka í 5. og 6.bekk og fer þetta starf fram inn í skólunum sjálfum eftir að hefðbundinni kennslu lýkur.

Skráning í klúbbinn fer fram hjá starfsfólki skólanna í samstarfi við starfsfólk FÉLAK.

**M7** - M7 er klúbbur fyrir krakka í 7.bekk. Klúbburinn er þvert á skóla og má sjá nánari útskýringar á fyrirkomulagi klúbbsins á blaðsíðu 3.

### Opið starf

Allir krakkar í 5.-7.bekk á Akureyri eru velkomin á öll opin hús FÉLAK óháð því í hvaða skóla þau eru.

Í hverri viku er opið hús í félagsmiðstöðinni Tróju sem staðsett er í Rósenborg og verður sú opnun á fimmtudögum frá 14:15-15:45.

Í annarri hverri viku er opið hús í félagsmiðstöðvum Glerár-, Gilja-, Síðu- og Oddeyrarskóla. Tímasetningar á næstu blaðsíðu.

### Facebook

Við minnum á Facebook hópinn okkar sem er ætlaður foreldrum og forráðamönnum barna á miðstigi í grunnskólum Akureyrar. Hópurinn er á vegum FÉLAK og er ætlunin að nota síðuna til að miðla öllum helstu upplýsingum um félagsmiðstöðvastarfið á miðstigi. Slóðin á hópinn er hér að neðan og viljum við hvetja ykkur til að slást í hópinn.

<https://www.facebook.com/groups/825169941001241>

### Stórir viðburðir

Líkt og undanfarin ár verða reglulegir stórir viðburðir á vegum FÉLAK og eru þeir auglýstir sérstaklega þegar að þeim kemur. Fyrsti stóri viðburðurinn er danskeppni sem fram fer í Síðuskóla



# Opið hús í september 5.-7.bekkur

**17.sept**

Giljaskóla kl. 16:30-18:00

**19. og  
26. sept**

Trója (Rósenborg) 14:15-15:45

**19.sept**

Oddeyrarskóli 16:00-17:30

**24.sept**

Sjóstuskóli kl. 16:30-18:00

**26.sept**

Glerárskóli 16:00-17:30

Made with PosterMyWall.com



**Akureyrarbær**  
SAMFÉLAGSSVIÐ

## M7 Haustönn 2019

Í 7.bekk er klúbbastarfi í boði fyrir alla skólana í bænum saman. Í vetur verður boðið upp á ýmis konar klúbba með ákveðin þema. Hver klúbbur er fimm skipti, einu sinni í viku.

Á fyrra tímabili haustannar eru eftirfarandi klúbbar í boði.

**Hvað?** Spilaklúbbur

**Hvar?** Félagsmiðstöðin Trója (Rósenborg)

**Hvenær?** Mánudögum frá klukkan 16:00-17:30

Angantýr og Lóa hafa umsjón með spilaklúbbi sem hittist á mánudögum og verður hægt að spila smærri og stærri spil. Allt frá því að spila á spil og upp í stærri hlutverkaleiki á borð við Dungeons & Dragons og fleira í þeim dúr.

**Hámarksfjöldi:** 20 manns

**Hvað?** Stuttmyndaklúbbur

**Hvar?** Staðsetning auglýst síðar

**Hvenær?** Fimmtudögum frá klukkan 14:30-15:30

Arnar og Lóa hafa umsjón með stuttmyndaklúbbi sem hittist á fimmtudögum. Hefur þú áhuga á kvikmyndum og langar að prófa þig áfram við að búa til kvikmyndir? Þá er þetta klúbburinn fyrir þig.

**Hámarksfjöldi:** 20 manns

**Hvað?** Íþróttaklúbbur

**Hvar?** Utandyra, hér og þar.

**Hvenær?** Föstudögum frá 14-15

Arnar og Helga hafa umsjón með íþróttaklúbbi sem hittist á föstudögum. Staðsetning er breytileg og verða leiksvæði skólanna nýtt til skiptis. Í íþróttaklúbbum verður lögð áhersla á fjölbreytta hreyfingu í formi leikja í bland við hefðbundnar íþróttir á borð við fótbolta og körfubolta.

**Hámarksfjöldi:** 20 manns